

Ritdómur

*A New Climate for Christology:
Kenosis, Climate Change, and Befriending Nature,*
eftir Sallie McFague. Minneapolis: Fortress Press, 2021, 125 bls.

Árið 2021 gaf bandaríska útgáfufyrirtækið Fortress Press út bókina *A New Climate for Christology: Kenosis, Climate Change, and Befriending Nature* eftir Sallie McFague. McFague, sem fæddist árið 1933, tilheyrði fámennum en að sama skapi framúrskarandi formæðrahópi femínískrar guðfræði en í hann leyfi ég mér að tilnefna m.a. Mary Daly, Rosemary Radford Ruether, Elizabeth Schüssler Fiorenza og Margaret Farley. Snemma sneri McFague saman tvo gilda þræði og gerði að uppistöðu guðfræði sinnar en þar á ég við tvenndina gagnrýnar femínískar kenningar og vistfræði. Síðustu tuttugu árin voru loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á kristinn hugmyndaheim í brennidepli guðfræði hennar. McFague lést árið 2019 og var bókin því gefin út að henni látinni.

Höfundarverk Sallie McFague er mikið að vöxtum. Fjögur verk frá fyrri hluta ferilsins heyra náið saman en öll hverfast þau um mikilvægi nýsköpunar og róttækrar endurtúlkunar á sviði trúarlegs tungutaks. Þetta eru nánar tiltekið bækurnar *Metaphorical Theology: Models of God in Religious Language* (1983), *Models of God: Theology for an Ecological, Nuclear Age* (1987), *Body of God: An Ecological Theology* (1993) og *Super, Natural Christians: How We Should Love Nature* (1997). McFague var sérfræðingur í málvísindum og notaði þann styrkleika til að greina og túlka áhrif hins trúarlega tungutaks á samfélag og menningu. Líkt og hjá öðrum femínískum guðfræðingum var markmið hennar að hrinda raunverulegri kúgun kvenna, ásamt því að hún bardist gegn náttúruniðslu og vildi stuðla að vistréttlæti og kynjaréttlæti. Leiðin sem hún valdi til þess verks snerist um að umbreyta hefðbundnu, trúarlegu líkingamáli kristninnar, ekki síst guðsmyndinni en líka mannskilningi, heimsmynd og náttúrusýn.

Áhugi hennar á þýðingu hnattrænnar hlýnunar fyrir umhverfið og samfélagið stórkjóst frá síðustu aldamótum eins og titlar fjögurra bóka sem allar komur út eftir 2000 sýna vel. Það eru nánar tiltekið: *Life Abundant: Rethinking Theology and Economy for a Planet in Peril* (2001), *A New Climate for Theology: God, the World, and Global Warming* (2008), *Blessed Are the Consumers: Climate Change and The Practice of Restraint* (2013) og loks sú bók sem hér er til umfjöllunar, *A New Climate for Christology: Kenosis, Climate Change, and Befriending Nature* (2021). Bókin hefst á lofsamlegum orðum fjögurra fyrrum samstarfsmanna hennar um hve framlag hennar til guðfræði var mikilvægt en öll benda þau á að *kenosis*-stefið, sem er í undirtitli bókarinnar, hafi verið það sem henni þótti mikilvægast að miðla í tengslum við loftslagsvána.

Bókin er rúmlega 100 blaðsíður af hreinum texta eftir höfundinn. Meginkaflarnir eru fimm talsins og eiga það sameiginlegt að áður nefnt *kenosis*-stef er í forgrunni. Auk þess eru

í bókinni formáli, inngangur og lokaorð höfundar. Í formálanum lýsir McFague djúpstæðri löngun til að leggja eitthvað til málanna sem megni að hamla gegn hinni ógnvænlegu loftslagsþróun. Sjónarhóll hennar er kristinn og boðandi og hún reynir, með sérstakri áherslu á hugtakið *kenosis*, að tjá þá flóknu (að margra mati), guðfræðilegu hugsun að til þess að bjarga lífi sínu þurfi maður fyrst að týna því. *Kenosis*-hugsunin er ekki ný í skrifum McFague heldur fjallaði hún ítarlega um hana í þeirri bók sem kom á undan þessari, *Blessed Are the Consumers*, árið 2013. Að hún skuli helga þessu efni heila bók undir lok ævinnar sýnir hve miðlægt þetta stef er í skrifum hennar.

Í inngangskaflanum lýsir hún yfir þeirri skoðun að manneskjur elski sögur. Við erum sögur, staðhæfir hún, líf okkar hefur upphaf, miðju og öll þráum við „happy ending“. Vandinn sé bara sá að allar sögur séu ekki jafn uppbyggilegar. Það eigi við um hina vestrænu, kristnu stórsögu sem við séum öll hluti af. Alvarlegir brestir í þeirri sögu séu margir en þar sem sjónarhóll hennar er guðfræðilegur velur hún að einblína á þá guðsmynd, þann mann-skilning og þá náttúrusýn sem sú saga miðlar. Í hnotskurn má segja að höfundarverk hennar í heild einkennist af röksemdafærslu fyrir þessari skoðun. Niðurstaða hennar í því máli er því á vissan hátt löngu fram komin. Aðeins er eftir að hnykkja á *kenosis*-stefinu og það er erindi McFague hér. Um hvað hverfist þá *kenosis* og hvers vegna er svona mikilvægt að iðka þá guðfræði nú um stundir?

Efnivið í svar við þessari kjarnaspurningu má finna víða í þessari litlu bók. Höfundurinn beinir sjónum að manneskjunn í heiminum þar sem hún er ekki ein og ótengd heldur hluti af samfélagi sem í sinni víðustu mynd má kalla lífheiminn. Þetta atriði er orðað með margvíslegum, guðfræðilegum og líffræðilegum hætti í skrifum hennar og einn þeirra allra mikilvægasti snýr að þrenningarlærdóminum. Með hugmyndinni um þrenninguna birtist Guð sem kraftur sem opnar sig gagnvart öllu sem lifir í heiminum, fagnar því og elskar það. Með skírskotun til frásagna Nýja testamentisins um Jesú og guðdóminn færir hún rök fyrir þessu, þ.e. að *kenosis* sé miðlægt í kristinni trúarhugsun og að í henni felist að tilgangur manneskjunnar í heiminum sé að tengjast, elska og viðurkenna náunga sinn. Tilgangur okkar hér í heimi sé ekki að rækta ákjósanlega eiginleika í eigin þágu heldur eigum við að færa sjálf okkur náunga okkar að gjöf eins og Guð hefur gert gagnvart okkur í Jesú Kristi, náunga sem sé ekki aðeins mannkyn heldur allt lífríkið.

Í fyrsta kaflanum, „The Kenotic Stories of Jesus and God“, nefnir hún dæmi um þessa túlkun og útskýrir um leið eðli guðdómsins. Í öðrum kaflanum, „Postmodern Insights for Climate Change“, leitar hún í póstmóðernískar túlkanir á manninum og heiminum sem hún telur að falli að hinum forna, guðfræðilega *kenosis*-boðskap. Það sama álitur hún að eigi við um ýmsar vistfræðilegar túlkanir. Í þriðja kaflanum, „Divine and Human Relational Ontology“, snýr hún sér að verufræðilegri orðræðu og ræðir um muninn á því að skoða þessi mál utan frá og innan frá. Staða okkar gagnvart umheiminum og Guði skiptir þannig máli. Í fjórða kaflanum tekur hún svo upp þekktar spurningar sem hún fjallaði um í fyrstu bókum sínum og notast við hugtök sem hún smíðaði sjálf. Dæmi um það er Guð sem vinur og mannkyn sem vinir heimsins. Þessi hugtök mátar hún við *kenosis*-guðfræðina og finnur að þau smellpassa við hana. Hún vitnar í orð Aristótelesar um að enginn myndi kjósa að búa í heiminum ef ekki væri fyrir vini, sama þótt við ættum fulla vasa af peningum. Jesús gerði marga að vinum sínum, einkum fólk sem samfélagið fyrirleit og útskúfaði jafnvel. Þetta túlkar McFague á þá leið að okkur beri sérstaklega að sinna fólki sem höllum fæti standi í samfélaginu. Það sé í raun og sann að fylgja Jesú. Í fimmta kaflanum birtir hún svo

samantekt um af hverju það sé svo að *kenosis*-guðfræðin sé heppileg til að takast á við þá stöðu sem uppi er á jörðinni vegna hamfarahlýnunarinnar.

Fyrsti liðurinn í því svari er mögulega eftirfarandi: vegna þess að sú guðfræði lýsir best því framferði sem Jesús ástundaði meðan hann gekk um á jörðu. Þetta svar nægir þó ekki eitt og sér þótt mikilvægt sé. Meginmálið er að hefðbundin guðfræði sem byggist á vestrænni heimsmynd sé gjaldþrota og hafi þar með ekkert fram að færa gagnvart ógnunum sem felast í loftslagsbreytingunum. Önnur ástæða snýst um mannskilning en hvað það atriði varðar telur McFague vænlegt að leita á náðir póstmódernískra kenninga, í bland við annars konar guðfræðilegar og vistfræðilegar túlkanir á manninum. Nútímahyggjunn, með sínum úrelta mannskilningi, segir hún nauðsynlegt að hafna og býður velkomin önnur sjónarmið sem undirstrika að maðurinn sé hluti af hinum náttúrulega lífheimi en ekki yfir hann settur. Síðasta atriðið í röksemdafærslunni fyrir *kenosis*-guðfræðinni er svo blanda af hvoru tveggja. Erum við innan lífheimsins sem lífvera eins og aðrar lífverur eða erum við utan hans og horfum á hann sem hlut? Svarið er gefið: hinn eini og sanni staður mannkyns er innan hringsins. Þar ber okkur að una jafnvel þótt við höfum ímyndunarafl til að staðsetja okkur annars staðar.

Það ánægjulega við lestur þessarar bókar er kunnugleikinn. Samtímis er það svo að McFague vinnur með nýjar heimildir, þ.e. hér á hún samtal um þessi mikilvægu mál við nýja aðila sem koma úr ýmsum áttum. Eiginlega eru guðfræðingar í miklum minnihluta þar en með því vali má ætla að hún vilji sýna fram á hve mikilvægt sé að víkka út umræðuna um loftslagsvána. *Kenosis*-guðfræðina er erfitt að meðtaka, fyrir okkur öll, vegna þess hve krefjandi hún er. Svo er hún líka flókin. Kannski er það þess vegna sem hún hefur ekki staðið sterkar í vestrænu, kristnu samhengi um aldaskið. McFague lætur það ekki á sig fá heldur teflir henni fram sem hinni einu réttu guðfræði í samhengi sem er orðið rangstætt af eigin rammleik. Viljum við og ætlum við að breyta þeirri stöðu? Það er spurningin. Hvert sem svarið er þá hefur McFague lagt okkur í hendur verkefni og verkfæri sem við getum stuðst við til að finna út úr því. Hafi hún heila þökk fyrir það.